

**Sp. 329. Tillaga til þingsályktunar** [199. mál]

um aðgerðir til að efla iðnað og auka markaðshlutdeild innlendar framleiðslu.

Flm.: Matthías Bjarnason, Jóhann Einvarðsson, Árni Gunnarsson, Eggert Haukdal,  
Guðmundur G. Þórarinsson, Jósef H. Þorgeirsson, Magnús H. Magnússon,  
Guðmundur Bjarnason, Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðrik Sophusson,  
Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefjast nú þegar handa um aðgerðir til að efla innlendan iðnað og styrkja stöðu hans. Aðgerðir þessar hafa það meginmarkmið að tryggja og efla atvinnu í iðnaði, að stuðla að aukinni sölu og markaðshlutdeild innlendar framleiðslu, að auka iðnað í hinum dreifðu byggðum landsins, að hvetja til nýrrar innlendar framleiðslu og bæta afkomu vaxtarmöguleika íslensks iðnaðar.

**Greinargerð.**

Íslenskur iðnaður á nú í vök að verjast. Rekstrarskilyrði hans á síðasta ári reyndust mjög erfið og kom þar margt til. Gengisþróunin átti þó sennilega stærstan hlut í versnandi

stöðu iðnaðarins. Eins og kunnugt er selja íslensk iðnfyrirtæki meginhluta útflutningsframleiðslu sinnar á Evrópumörkuðum og höfuðkeppinauturinn á heimamarkaði er evrópsk iðnaðarframleiðsla. Á árinu 1981 hækkaði verð evrópskra gjaldmiðla mjög lítið hér á landi, en innlendir kostnaðarliðir hækkuðu um 50% á árinu.

Allar tölulegar upplýsingar benda til þess, að undanfarin ár hafi hægt og sígandi hallað undan fæti fyrir iðnaðinum, en jafnframt að síðasta ár hafi orðið honum sýnu erfiðast. Eftirfarandi dæmi eru um þessa þróun:

1. Markaðshlutdeild innlestrar framleiðslu hefur lækkað verulega. Markaðshlutdeildarkönnun Hagstofu Íslands og F. Í. I., sem mælir hlutdeild nokkurra neysluvöruflokka, bendir til þess, að hlutdeild innlestrar framleiðslu hafi minnkað verulega á milli árana 1980 og 1981.
2. Talið er, að nú starfi rúmlega 28 þúsund manns í framleiðslu- og þjónustuiðnaði, þegar fiskiðnaður er undanskilinn, eða um 28% allra starfandi manna í landinu. Viðgangur iðnaðar er því mikilvægur frá sjónarmiði atvinnuöryggis. Samdráttur í iðnaðarframleiðslu og minnkandi markaðshlutdeild innlands iðnaðar dregur úr atvinnumöguleikum í iðnaði. Samkvæmt hagsveiflufog Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna virðist nokkurs samdráttur í atvinnu þegar farið að gæta. Á það er að líta, að breytingar á atvinnu í iðnaði gerast tiltölulega hægt, en ekki í stórum stökkum. Þegar dregur úr iðnaðarframleiðslu dregur smám saman úr atvinnu í iðnaði, og á sama hátt tekur það langan tíma að vinna aftur upp glötuð atvinnutækifæri í þessari grein. Þess vegna er afar þýðingarmikið að koma í veg fyrir samdrátt.
3. Afkoma iðnaðarins hefur rýrnað ár frá ári að undanförunu. Búist er við að útflutningsiðnaðurinn hafi verið rekinn með miklu tapi á síðasta ári, og samkv. gögnum Þjóðhagsstofnunar er hallinn allt að 19% sem hlutfall af tekjum, fyrir síðustu gengisfellingunni. Léleg afkoma dregur fljótt dilk á eftir sér. Fjárfestingargeta fyrirtækjanna dvínar við rýrða afkomu og nauðsynleg endurnýjun framleiðslutækja og uppbygging nýrra greina verður illmöguleg. Slæm afkoma iðnfyrirtækja í dag hefur því ekki einungis skammtímaáhrif, heldur dregur úr frekari iðnþróun í landinu.
4. Slæm afkoma iðnfyrirtækja og aðrir erfiðleikar í rekstri hefðu væntanlega haft afdrifariðar afleiðingar á síðasta ári hefði ekki komið til stóraukin fyrirgreiðsla innlánsstofnana. Á síðasta ári munu heildarútlán innlánsstofnana til iðnfyrirtækja hafa aukist um tæp 80%, sem er töluvert umfram verðbólgu. Slík þróun getur gengið til skamms tíma og í neyð, en dylur raunverulegan vanda fyrirtækjanna og er hættuleg til lengdar.
5. Undanfarinn áratug hefur ullarvöruiðnaður verið í örum vexti og hefur mikilvægi erlendra markaða einkennt þá þróun, þar eð um 60% framleiðslunnar eru til útflutnings. Á s. l. ári nam útflutningur ullarvara 237 millj. kr. eða um 3½% heildarútflutnings landsmanna. Gengisþróunin á árinu 1981 hafði veruleg áhrif á afkomu ullariðnaðar. Samkv. mati Þjóðhagsstofnunar reyndist tap ullar-, þrjóna- og fataiðnaðar nema rúmlega 12% af tekjum í byrjun þessa árs. Gengisbreytingin 14. janúar hefur að nokkru bætt þessa stöðu, en ljóst er að frekari aðgerða er þörf eigi atvinnna þeirra u. þ. b. 1000 manna, sem í ullariðnaði starfa, að vera tryggð til frambúðar.
6. Íslenskur skipaiðnaður á nú í vök að verjast vegna þess að almennt er álitid að fiskiskipastóllinn sé orðinn of stór. Hins vegar er staðreynd að mikil endurnýjunarþörf er til staðar og mun hún fara vaxandi á komandi árum.

Í stað þess að draga þessa endurnýjun úr hófi fram og biða eftir að hún gerist með innflutningsholskeflu, eins og reyndin hefur oftast orðið, ætti að stefna að hægfa endurnýjun og nýta þá miklu möguleika sem eru til uppbyggingar íslensks skipaiðnaðar. Athuganir hafa sýnt að kostnaður við nýsmíðar, breytingar og viðhaldsverkefni, sem

framkvæmd eru af innlendum skipasmíðastöðvum, er sambærilegur við það sem almennt gerist erlendis. Að svo miklu leyti sem um mismun á endanlegu verði hefur verið að ræða liggur hann einkum í miklum fjármagnskostnaði á smíðatíma hjá íslensku stöðvunum. Til þess að skipaiðnaðurinn geti boðið útvegsmönnum sem ódýrust skip þyrfti að tryggja honum sambærilega rekstrarlánafyrirgreiðslu og sjávarútvegur og framleiðsluiðnaðurinn búa nú við.

7. Á undanförunum árum hefur innlendir húsgagnaiðnaður farið halloka fyrir innflutningi húsgagna. Samkv. athugunum Landssambands iðnaðarmanna lækkaði markaðshlutdeild innlendra húsgagnaframleiðenda úr 90% árið 1975 í 70% árið 1977 og var kominn niður í um 50% árið 1979. Innflutningur húsgagna og innréttinga jókst gífurlega á árunum 1980 og 1981, og benda fyririðgjandi tölur til þess, að hlutur innlendra framleiðenda húsgagna sé nú kominn niður í 30—35%. Starfsmönnum við húsgagnasmíði fækkaði um 30% frá árinu 1974 til 1979 eða um 200 manns. Einsýnt er að enn frekari fækkun verður í þessari iðngrein, ef ekkert verður aðhafst.
8. Mikilvægt er að reynt verði í ríkari mæli en hingað til að færa inn í landið framleiðslustarfsemi sem nú er unnin erlendis fyrir Íslendinga. Sem dæmi má nefna umbúðaiðnaðinn. Um árabíl hefur mikill hluti allra mjólkurumbúða verið framleiddur erlendis, þótt hér innanlands sé til staðar þekking og framleiðslugeta til að annast þetta verkefni. Um langt árabíl hefur ríkissjóður greitt niður verð mjólkur í landinu og varið til þess miklum fjárhæðum. Með hliðsjón af því er ekki óeðlilegt að ríkisvaldið beiti sér fyrir því sérstaklega, að innlend iðnaðarstarfsemi verði eflað á þessu sviði.
9. Prentiðnaðurinn er annað dæmi um grein sem átt hefur í vök að verjast í samkeppni við erlenda aðila. Á seinni árum hefur töluverð prentun, sem áður var unnin innanlands, verið send í vinnslu erlendis. Innanlands er til staðar framleiðslugeta og þekking sem í flestum tilvikum gerir vinnslu erlendis ónauðsynlega. Vinna þarf markvisst að því að færa alla slíka prentun til landsins á nýjan leik.

Sú þróun, sem hér hefur verið lýst, gerir það brýnt, að gripið verði nú þegar til virkra aðgerða. Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu telja að nauðsynlegt sé að setja iðnaðarstefnu til langs tíma, hins vegar sé jafnframt þörf sérstakra skjótra aðgerða vegna mjög erfiðrar stöðu iðnaðarins um þessar mundir. Telja flutningsmenn að stjórnvöld geti nú þegar gripið til ýmissa aðgerða sem geta létt róðurinn þannig að unnt verði að snúa þróuninni við og auka innlenda framleiðslustarfsemi á nýjan leik. Í þessu sambandi telja flutningsmenn að kanna þurfi nú þegar möguleika á:

- a) Niðurfellingu ýmissa opinberra gjalda til lækkunar á kostnaði.
- b) Endurskoðun á orkuverði innlendri framleiðslu í hag.
- c) Sérstakt átak verði gert til að nýta opinber innkaup til eflingar innlendra framleiðslu.
- d) Að breyta lögum og reglum um gjaldeyrisviðskipti á þann hátt, að þau örvi útflutning og lækki tilkostnað við hann.
- e) Að fella niður aðflutningsgjöld á öllum vélum og tækjum og þá sérstaklega að því er varðar framleiðniaukandi tæki, svo sem á tölvum.
- f) Sérstök athugun verði á því gerð, hvaða áhrif styrktar- og stuðningsaðgerðir við iðnað í helstu viðskiptalöndum okkar hafa á samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja og á hvern hátt eigi að mæta þeim vanda.
- g) Gert verði átak í því að hvetja til að hafin verði framleiðsla innanlands á vörum, sem nú eru eingöngu innfluttar.

Flutningsmenn telja að með skjótum viðbrögðum stjórnvalda á ofantöldum sviðum megi rétta verulega stöðu íslensks iðnaðar og tryggja þar með atvinnuöryggi í landinu. Til að tryggja sem best framkvæmd þessara tillagna væri eðlilegt að stjórnvöld hefðu um það samvinnu við samtök iðnaðarins í landinu.